

Fundarstaður Úthlíð

11.ágúst 2022

Boðaðir og mættir á fundinn Sigfús Sigurjónsson, Pétur Davíð Sigursson,
Guðmundur Ingi Arnarsson.

Guðmundur gerður að ritara, dagskrá og málefni sem hér segir.

1. Reikna fjallskil, útbúa fjallskilaseðila og koma því á póstinn.
2. Umræða hvort ætti að búa til nýtt birgi inn við Sveinstind, (en sú pæling kom frá einum Fögrufjalla smala). Ákveðið var að láta Fögrufjalla smala nú í ár ræða það við smölun þar, með þá staðsetning, snjóarlög og þörf í huga.
3. Umræða tekin um viðhald fyrir afrétt. Guðmundi falið að athuga hjá Skaftárhrepp hvort eitthverju fjámagni hefði verið úthlutað til fjallskilanefndar nú í ár eftir fund síðast haust.
4. Fjallskilanefnd hafi borist athugarsemd að ekki allir reykningar hefði verið greiddir við síðasta fjallskilauppgjör. Guðmundi falið að athuga uppgjör á fjallskilum síðast árs hjá Skaftárhreppi.
5. Umræða um Landbótaætlun. Vegna fækkandi fjáreiganda í Skaftártungu, uppstokkun hópa við áburðardreifingu, áburðarmagn, hvort eigi að fá að breita svæðum og fl. Ákveðið að stokka upp hópum, en annað viljum við fá álit frá fleirum sem koma að áburðardreifingu.
6. Farið yfir upprekstur vorsins, hvernig hefði tekist til með að hafa það í tvennu lagi.

Guðmundur Ingi Arnarsson

Fjallskilaseðin Skáftartunguafréttar 2022

Í fyrsta safn verður farið mánudaginn 5. september. Áætlaður réttardagur er 10. september. Fjallkóngur verður Sigfús Sigurjónsson og réttarstjóri Jón Atlí Jónsson. Daggjald á afrétti er 17350 kr. Fæðiskostnaður er innifalinn í því verði. Farið verður í Fögrufjöll föstudaginn 2. september. Möguleiki að það verði farið fyrr í Fögrufjöll, fer eftir veðrspá.

Fögrufjöll og Tungaárbotnar verða smöluð af fjáreigendum líkt og önnur svæði á Skáftartunguafrétti. Einnig verður farið í forsmölun fyrir fyrsta safn og verður það látið ráðast af veðri hvort smalað verður sunndaginn 4. September eða mánudaginn 5. september.

Þeir sem ekki geta farið eða útvegað sér mann í fyrsta safn eru beðnir að tilkynna það fjallkóngi fyrir 27.ágúst.

Smalar sem fara í fyrsta safn eru beðnir að láta fjallkóng vita hvort þeir fari gangandi eða á fjórhjóli.

Í annað og þriðja safn verður farið í dagsferðir og verður fólk að vera tilbúið að fara með stuttum fyrirvara.

Samkvæmt fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftfellssýslu skulu heimalönd smöluð samhliða afrétti.

Landbótaáætlun áburðardreifing

2022. Gröf, Borgarfell, Búland

2023. Úthlíð, Austurhlíð, Ásar

2024. Múli, Flaga 1, Flaga 2, Snæbýli 2.

Fjallskilaseðill 2022

	1. safn 4 dagar	2. safn dagsverk	Fögrufjöll, forsmölun og 3.safn, dagsverk
Hrífunes	1		
Flaga 1	1	2	1,5
Flaga 2	1	2	1
Hemra	1	2	0,5
Hemrumörk	1		
Gröf	1	3	4,5
Borgarfell	1	3	13,5
Snæbýli I	1		
Snæbýli II	1	3	2,5
Ljótarstaðir	1	3	2
Búland	1		
Hvammur	1		
Svínadalur	1		
Múli	1	3	5
Austurhlíð	1	1	0,5
Hlíð	1		
Úthlíð	1	3	5,5
Eystri Ásar	1		
Ytri Ásar	1	3	5,5
Giljaland	1		

Fjallskilanefnd Skaftártungu

Pétur Davíð Sigurðsson, Sigrús Sigurjónsson, Guðmundur Ingi Arnarsson